Kópavogur

Björg Baldursdóttir
Formaður velferðar- og mannréttindaráðs

Kópavogi, 5. nóvember 2026
2611637/999.00 JLÓ

Efni: Samspil og virkni velferðarþjónustu

Skýrslan Samspil og virkni velferðarþjónustu – Áskoranir ríkis og sveitarfélaga í velferðarþjónustu er unninn á grunni sóknaráætlunar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) fyrir árin 2025–2029. Vinnan á rætur að rekja til langvarandi áskorana í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, einkum þar sem ábyrgð, framkvæmd og fjármögnun félags- og heilbrigðisþjónustu skarast eða eru óljós. Markmið verkefnisins var að kortleggja þessi svokölluðu „gráu svæði“, greina orsakir þeirra og afleiðingar og leggja fram tillögur að skýrari verkaskiptingu.

HLH ráðgjöf tók að sér að vina skýrsluna sem byggir meðal annars á viðtölum við stjórnendur og sérfræðinga sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, samtölum við fulltrúa ráðuneyta og fyrirliggjandi gögnum um þjónustu, kostnað og lýðfræðilega þróun. Niðurstöðunum er ætlað að skapa grundvöll fyrir áframhaldandi samtal ríkis og sveitarfélaga um skýrari ábyrgð, samþættari þjónustu og fjármögnun sem fylgir framkvæmd þjónustunnar.

Skýrslan er lögð fram til kynningar í velferðar- og mannréttindaráði. Samband íslenskra sveitarfélaga mun standa fyrir kynningu á skýrslunni fyrir fulltrúa Velferðar - stjórnenda í velferðarþjónustu á landsvísu og í kjölfarið verður óskað eftir samtali við viðeigandi ráðuneyti varðandi efni skýrslunnar.

Virðingarfyllst,
f.h. velferðarsviðs

Jóhanna Lilja Ólafsdóttir
Skrifstofustjóri velferðarsviðs Kópavogsbæjar

Rafræn skilríki

Undirritað af: Jóhanna Lilja Ólafsdóttir

Tími: 05.11.2026 16:35
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign